

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi af Bráðræðisholti í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af deiliskipulagi Bráðræðisholts í Reykjavík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 519.

29. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms.

Hinn 19. september 1980 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms að landnotkun á spildu austan Garðaflatar og Borgarbrautar en vestan fyrirhugaðs íþróttavallar verði breytt úr opnu svæði í íbúðasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 520.

29. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Hinn 17. september 1980 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spilda sú sem takmarkast af Tryggvagötu að vestan Álfatarima að sunnan og Fossheiði að norð-austan verði ætluð undir íbúðabyggð (fjölbýlishús) í stað opinberrar þjónustu.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.